

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 11. janúar 2019  
UST201812-141/R.K.  
08.12.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsskyldufyrirspurn. Framleiðsluaukning og stækkun Samherja fiskeldis á Núpum, Ölfusi. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Samherji fiskeldi ehf. kt: 6104061060 (áður Íslandsbleikja ehf. undir sömu kennitölu), er hér eftir nefnt rekstraraðili.

**Framkvæmdarlýsing**

Ráðgert er að auka framleiðslu fiskeldi á Núpum úr 150 tonnum/ári í 300 tonn/ári en hámarkslífmassi á hverjum tíma verður ekki meiri en 120 tonn skv. greinargerð (bls. 3). Núverandi starfsleyfi er fyrir 100 tonnum á ári af laxaseiðum (*Salmo salar*), eldislax af Saga stofni) og 50 tonn á ári af bleikjuseiðum (*Salvelinus alpinus*), blanda af Ölvesvatnsstofni og Grenlækjarstofni). Stefnt er að því að tilgreina ekki hlutfallslega skipting á milli laxa og bleikjuhroga heldur mun starfsleyfi lýsa umfangi sem 300 tonna eldi á bleikju- eða laxaseiðum á ári.

Fyrirkomulag eldisins er óbreytt þar sem hrognum er klakið út í stöðinni og alin þar til rétttri stærð er náð. Stækkunin felur í sér nýtt eldishús sem er stærra en það sem áður stóð svo eldisrými verði í heildina 2.600 m<sup>3</sup>, aukning upp á um 1.000 m<sup>3</sup>. Verður aðal-eldishúsið lengt um 20 metra. Eldri eldiskerjum verður skipt úr fyrir ný og stærri ker, samtals fimm stk. Byggingarnar eru þrjár; klakhús, frumeldishús og aðaleldishús ásamt sex yfirbyggðum útikerjum skv. greinargerð.

**Umhverfisáhrif**

Vatnstaka fyrir starfsemina fer fram í brunnum, ám eða lindum á svæðinu og eru þau skilgreind í greinargerð (bls. 3 og á mynd í viðauka). Heildar vatnspörf eldisins eftir stækkun er áætluð 250-300 L/sek. Þá verður endurnýtingarbúnaður vatns í nýju

kerjunum. Núverandi vatnstaka er 240-250 L/sek og er því ekki gert ráð fyrir mikilli aukningu í vatnstöku við framleiðsluaukningu (bls. 9).

Fram kemur í greinargerð að hámarks lífmassi í stöðinni eftir stækkun verður milli 100-120 tonn. Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um standandi lífmassa stöðvarinnar hverju sinni sé ekki fullnægjandi. Rekstraraðili þyrfti því að veita frekari upplýsingar um framleiðslulotur starfseminnar að mati stofnunarinnar til að hægt sé að meta álag á viðtakann.

### **Næringaefnalosun og frárennsli**

Frárennsli frá stöðinni er allt sameinað í eina frárennislögn sem leiðir í safnkerið og þar botnfalla grófustu agnirnar. Þaðan er frárennslið leitt í hreinsun í tromlufilter áður en það er losað út í læk sem leiðir í Sandá og þaðan í Varmá. Að lokum sameinast allt saman í Ölfusá (bls. 7) líkt og frárennsli frá öðrum eldisstöðvum á svæðinu. Skv. greinargerð er mögulegt að leiða frárennslið úr aðal settanki í annan settank ef þurfa þykir til enn frekari hreinsunar. Frárennsli úr nýju kerjunum verður hreinsað með Hydrotech tromlusíum og loftara, eitt sett fyrir hvert ker (bls. 4). Tromlusían er með 100  $\mu$ m (míkron) síudúk sem fangar um 70% svifagna í frárennislisvatni. Hægt er að endurnýta vatnið eftir þörfum líkt og áður sagði.

Fjallað er um þynningu frárennslis í greinargerð þar sem fram kemur að á Núpum sé notað mikið vatn miðað við lífmassa og verður þynning næringarefna því mikil sem minnkar líkurnar á ofauðgun næringarefna og súrefnisþurrðar vegna þessa.

Fóðurstuðull sem miðað er við er FCR og er á bilinu 0,83-1,14 kg fóðurs á hvert framleitt kg af fiski (bls.4). Fóðrun verður stýrð líkt og gert er í dag með tölvustýrðum blásturskerfum tengd gagnagrunni stöðvarinnar. Skv. útreikningum rekstraraðila mun heildarlosun næringarefna (kolefnis-C, köfnunarefnis-N og fosfórs-P) vera 123 tonn við 300 tonna ársframleiðslu á laxa- og bleikjuseiðum (bls.5). Þ.e. 107 tonn kolefni, 13 tonn köfnunarefni og 8 tonn fosfór á ári (bls. 5).

Fram kemur í greinargerð að dauðfiskur sé fjarlægður reglulega og hann nýttur í loðdýrafóður eða honum fargað á viðurkenndan hátt. Umhverfisstofnun minnir á lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og tengdri rg. nr. 737/2003 sem og rg. nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs þar sem fram kemur að lífrænn úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við forgangsöröðun við meðhöndlun úrgangs að eins miklu leyti og unnt er. Til stendur að gera affall nýju kerjanna sýnilegt til auðvelda eftirlit fóðrunar og dauðfisks (bls.4). Þá er seyra í settankinum tæmd reglulega og urðuð í Álfnesi (bls. 8).

### **Samlegðaráhrif**

Í kafla 1.5. greinargerðar er farið yfir aðra eldisstarfsemi í Ölfus sem öll eiga það sameiginlegt að frárennsli þeirra sameinast í Ölfusá. Í greinargerð er ágætlega greint frá annarri starfsemi á svæðinu og í hvaða viðtaka aðrar eldisstöðvar losa. Stofnunin telur að þó svo frárennsli frá Núpum renni fyrst í Sandá þá beri að líta á þau áhrif sem það frárennsli hefur á Varmá þar sem Sandá sameinast Varmá/Þorleifslæk og þaðan í Ölfusá (bls. 7). Þessu tengt er rétt að minnast á stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands (2013) þar

sem Ölfusá er sett í óvissuflokk auk þess segir um Varmá: „talið að nokkurt staðbundið álag sé á ánni m.a. frá fiskeldi í Ölfusi og staðbundinnar saurkólígerlamengunar í grennd við skólpútrás“ (bls 33). Að mati stofnunarinnar þarf að fjalla um hvaða áhrif aukið frárennsli frá starfsemi mun hafa á árnar út frá fyrirbyggjandi mati á álagi á þessi vatnshlot.

Í greinargerð segir að þrjár aðrar eldisstöðvar eru á svæðinu; seiðastöð rekstraraðila á Öxnalæk með 100 tonna ársframleiðslu og Laxar fiskeldi ehf. með stöðvar á Fiskalóni og á Bakka I samanlagt 40 tonna ársframleiðslu. Samtals er leyfi fyrir 290 tonna framleiðslu á svæðinu en með stækkunaráformum rekstraraðila að Núpum er um að ræða 440 tonna ársframleiðslu (bls. 5). Umhverfisstofnun telur að í greinargerð þurfi að taka tillit til áforma um framleiðsluaukningu þeirra eldisstöðva sem losa út í sama viðtaka (Varmá og Ölfusá) sem eru komin lengra í matsferli en umrædd áform. Þar má nefna Laxa fiskeldi ehf. sem sendi inn stækkunaráform sín í matsskyldufyrirspurn í apríl 2018 um framleiðsluaukningu í 100 tonn/ári. Sjá má umsögn Umhverfisstofnunar við þeirri greinargerð í bréfi stofnunarinnar dags. 14. maí 2018 þar sem niðurstaða var að ekki lægju fyrir nægar upplýsingar um hreinsun frárennslis og samlegðaráhrif framkvæmdar við aðra starfsemi á svæðinu til að Umhverfisstofnun gæti lagt mat á hvort framkvæmdin ætti að vera háð mati á umhverfisáhrifum. Ef tekið er tillit til þeirra áform auk þeirra áforma sem er til umfjöllunar hér má sjá að framleiðsla á svæðinu sem losar í Ölfusá er alls 520 tonna/ári ef öll áform um framleiðsluaukningu á svæðinu ganga eftir. Þ.e; eldisstöðina á Bakka 100 tonn/ári (áform), Fiskalón 20 tonn/ári, Öxnarlæk 100 tonn/ári og eldisstöðin að Núpum með 300 tonn/ári (áform).

Þó er ekki víst að framleiðsla nái ofangreindum lífmassa þar sem í starfsleyfum allra fyrrnefndra aðila er talað um framleiðslumagn á ársgrundvelli en ekki hámarkslífmassa á hverjum tíma líkt og tekið er fram í nýjum starfsleyfum. Skýra þyrfti því hvert álag á viðtakann sé út frá standandi lífmassa hverju sinni, sem skv. greinargerð verður að hámarki 120 tonn í senn fyrir umrædda aukningu á Núpum.

### **Vöktun og verndarsvæði**

Fram kemur í greinargerð að unnin verði vöktunarskýrsla fyrir starfseminu í samvinnu við Umhverfisstofnun við gerð nýs starfsleyfis (bls. 10). Stofnunin bendir á að við aukið álag gæti farið svo að viðtakinn nái ekki settum markmiðum skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Þarf vöktunaráætlun einnig að taka mið af þessum nýju kröfum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í kafla 1.3 eru taldir upp staðir vatnstöku fyrir eldið og í viðauka eru sýndar myndir af vatnsbólum en þar er nefnd Réttarhola en í greinargerð Núpahola.

Starfsemin er í nálægð við svæði nr. 751. á náttúruminjasrá Varmá/Þorleifslæk og Ölfusforir. Umhverfisstofnun bendir á að hitastig árinna er hærri en að jafnaði er í öðrum ám landsins og ber því að varast áhrif frárennslis á lífríki árinna sérstaklega. Í skýrslunni Varmá, Hveragerð: Vöktun vatnsgæða 2001 – 2002 (2003) unnin fyrir Hveragerðisbæ, er tekið fram að „Varmá hefur talsvert vísindalegt gildi auk kennslugildis, útivistargildis og landslagsgildis. [...] Ölfusforir eru viðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá er hluti af votlendissvæði Ölfusfora og styður það



verndargildi hennar“ (bls. 7). Óljóst er út frá greinargerð hvernig áhrif frárennsli er líklegt til að hafa á Varmá/Þorleifslæk við framleiðsluaukningu Núpa.

Á staðreyndasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) kemur fram að Suðurlands-undirlendið (VOT-S 3 þar á meðal Ölfusforir) hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álf og skúm og á fartíma fyrir álf, heiðagæs, blesgæs og grágæs. Þessu tengt bendir Umhverfisstofnun á að í nýjum válista fugla (NÍ, 2018) er skúmur (*Catharacta skua*) flokkaður í bráðri hættu (CR) og blesgæs (*Anser albifrons*) í hættu (EN). Að mati stofnunarinnar er vert að meta hver áhrif aukings álags á Ölfusá (viðtaka frárennslis frá eldisstöðvunum) verði fyrir búsvæði þessara fuglategunda á válista.

### **Skipulag og ásjúnd lands**

Stækkun seiðahússins er í samræmi við gildandi aðalskipulag (reitur I6) og telur sveitarfélagið að ekki sé þörf á breytingu á aðalskipulagi né gerð deiliskipulags fyrir Núpa vegna framkvæmdanna skv. greinargerð (bls. 6). Umhverfisstofnun mun senda umsagnarbeiðni til skipulags- og byggingarfulltrúa Ölfuss um samræmi framkvæmda við skipulag við gerð starfsleyfis skv. 6. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. M.t.t. núverandi landnýtingar telur Umhverfisstofnun að áhrif starfseminnar við aukið umfang eldis á Núpum, á ásjúnd lands vera óveruleg.

### **Annað**

Fram kemur að losun næringarefna frá Núpum hefur verið innan marka og að engin frávik hafa verið skráð frá því 2012 og er stöðin því á lista fyrir frávikalaus fyrirtæki sem er vel.

Líkt og fram kemur í geinargerð þá þarf að sækja um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar við framleiðsluaukningu. Þá kemur fram í greinargerð rekstraraðila að núgildandi starfsleyfi rennur út 1. desember 2019. Rekstraraðili hefur staðfest að stefnt er að því að sækja um nýtt starfsleyfi en umsókn hefur ekki verið móttækin af Umhverfisstofnun. Stofnunin bendir á að málshraðaviðmið fyrir gerð nýs starfsleyfis eru 240 dagar eða um 8 mánuðir og er rekstraraðili því hvattur til þess að sækja um tímalega.

### **Niðurstaða**

Með hliðsjón af samlegðaráhrif umræddrar framleiðsluaukningar er ekki nógu skýrt í greinargerð hver áhrif eru á viðtaka þegar tekið er mið af allri losun í Varmá og Ölfusá. Telur Umhverfisstofnun umfjöllum um samlegðaráhrif umræddrar framleiðsluaukningar við nálæga eldisstarfsemi og álag á viðtaka á hverjum tíma því ekki fullnægjandi í greinargerð. Fjalla þarf nánar um allt frárennsli í Ölfusá frá nálægum iðnaði á svæðinu og möguleg áhrif þess á þau vatnshlot, sérstaklega ef það sameinast í fremur vatnslítili á líkt og Varmá/Þorleifslæk, að mati stofnunarinnar.


Umhverfisstofnun kallar eftir samanburði á frárennslinu frá núverandi eldi og þeim áformum um framleiðsluaukningu og aukna hreinsun m.t.t. áhrifa á viðtaka.

Með vísan í framangreint telur Umhverfisstofnun að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar um standandi lífmassa á hverjum tíma (yfirlit yfir framleiðslulotur eldisins), áhrif og álag á viðtaka og samlegðaráhrif framleiðsluaukningar við aðra starfsemi á svæðinu.

Umhverfisstofnun kallar eftir frekari greiningu um ofangreind atriði til að geta lagt mat á hvort framkvæmdin sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

  
Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur  
Steinar R. Beck Baldursson  
Sérfræðingur